



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

ÁRSSKÝRSLA

félagseininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir
árið 2019

Björgunarsveitin Kjölur

Nafn félagseiningar

Efni:

Efni:.....	2
Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2019	3
Upplýsingar um félagseiningu.	4
Ný Stjórn félagseiningar:	4
Formaður	4
Varaformaður.....	4
Gjaldkeri	5
Ritari	5
Meðstjórnandi	5
Meðstjórnandi	5
Meðstjórnandi	5
Fulltrúi í Svæðisstjórn	5
Fundir og Útköll.....	6
Helstu verkefni á árinu	6
Húsa- og tækjæign.....	8
Björgunarstöð / Tækjageymsla:	8
Aðstaða í björgunarstöð:	8
Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:.....	8
Tæki.	8
Bílar:	8
Sjótæki:	8
Fjór hjól:.....	8
Fjór hjól:.....	8
Viðauki A. Útköll á árinu.....	9

Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2019

Á árinu 2019 skiptust á skin og skúrir er varðar rekstur sveitarinnar. Áfall var að missa aðal bílinn, þegar Kjölur 1 skemmdist snemma á árinu. Mikill tími og talsverðir fjármunir höfðu farið í að standsetja bílinn fyrir sveitina. Við tók því vinna við að finna arftaka og huga að fjármálum. Menn bjuggu þó að þeirri reynslu að hafa gengið í gegnum svipað ferli fjórum árum áður, þegar þáverandi Kjölur 1 lenti í tjóni. Létti það talsvert undir og flýtti fyrir.

Útköll voru heldur færri en árinu áður, en þess bera að geta að árið 2018 var sett met í útköllum. Álag var sveiflukennt og mikið að gera á köflum en rólegra þess á milli.

Fjárhagur var með ágætum í upphafi árs og því svigrúm til þess að bregðast við ófyrirséðu tjóni í bílamálum. Með kaupum á nýjum Kjöl 1 hjó þó nærri sársaukamörkum og var allt kapp sett á að rétta við fjárhaginn aftur. Nokkur fjáröflunarverkefni komu inn á borð sveitarinnar þar sem menn lögðu hönd á plóg og margt smátt gerði eitt stórt. Neyðarkallasalan dróst saman annað árið í röð.

Þrettán manns voru á útkallslista í lok árs, þar af tveir á útkalli seinni bylgju. Nokkrir mættu til þess að kynna sér björgunarsveitarstarf en enginn var í þjálfun sem nýliði. Undanfarin ár hefur sami hópur verið uppistaða útkallslistans og jafnframt hryggjarstykkið í sveitinni. Flestir félagar búa utan Kjalarness sem kemur þó ekki niður á virkni eða útkallsgetu. Þátttaka í viðburðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar var einnig með ágætum og áhersla á mætingu, þótt hópurinn sé ekki stór.

Björgunar- og slysavarnastarf á Kjalarnesi varð 70 ára í lok desember og var þess minnst innan sveitarinnar.

Sveitin átti líkt og árið áður fulltrúa í landsstjórn og svæðisstjórn björgunarsveita.

Útköll

Útköll sem sveitin tók þátt í á árinu voru 75, sem var nokkur fækkun frá árinu áður. Útköll vegna bráðaveikinda og slysa á vegum slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins voru meirihluti útkalla, eða 46 talsins. Útköllin voru flest á forgangi F1 eða F2 og á heimasvæði eða í grenndinni. Merkja mátti aukningu í atvikum sem tengdust útivist og frístundaíðkun. Dreifing var nokkuð jöfn yfir árið fyrir utan september sem taldi 16 útköll. Leitir voru fleiri en undanfarin ár og aðallega seinnipart 2019.

Auk hefðbundinna útkalla sinnti sveitin útköllum og öðrum verkefnum á hálendisvöktum um sumarið. Kjölur tók þrjár vaktir yfir sumarið – tvær vikur að Fjallabaki og eina viku í Skaftafelli.

Tæki og búnaður

Eins og nefnt var hér að ofan, skemmdist Kjölur 1 í umferðaóhappi snemma á árinu og var afskrifaður vegna tjóns á vél og undirvagni. Notaður sjúkrabíll var keyptur til þess að brúa bilið, meðan beðið var eftir að sveitin yrði að fullu útkallshæf aftur. Nýr Kjölur 1, Ford 350, 40“ breyttur, var keyptur um vorið og fékkst afhentur í júlí eftir breytingar og merkingar. Síðast var keyptur nýr Kjölur 1 árið 1993.

Fjallabjörgunarbúnaður var endurbættur, nýjar sjúkrabörur á hjólum fengust fyrir samfélagsstyrk og nýtt gólf var sett í fjórhjólakerruna. Í Þórnyjarbúð var loftræstikerfi sett upp og þar með voru bensínufur úr tækjum sem lengi höfðu verið til ama, úr sögunni. Lagt var fyrir nýju háþrýstikerfi, samnýtt með áhaldahúsinu og slökkviliðinu.

Nýir hjálmur og fjarskiptabúnaður var keyptur fyrir jetskiðin.

Námskeið og æfingar

Félagar sóttu sér ýmsa fræðslu á árinu, bæði í Þórnyjarbúð en einnig annars staðar. Sem dæmi voru námskeiðin „Hegðun týndra“ og „Hópslys“ tekin með góðri mætingu í Þórnyjarbúð.

Þrír Kjalarmenn fóru á námskeiðið sjúkraflutningar í öbyggðum/WEMT á Úlfliótsvatni og tveir á fagnámskeið í fjallabjörgun á Akureyri.

Að venju voru einnig tvær upprifjanir í vettvangshjálpi á vegum SHS.

Önnur verkefni

Meðal verkefna á árinu voru ýmis verkefni, flest slysavarna- eða gæsluverkefni.

Kynning á endurlífgun var haldin annað árið í röð fyrir unglíngadeild Klébergsskóla og greinilegt að fyrri þjálfun hefur skilað sér. Starf leitarhundsins var kynnt á yngsta og miðstig skólans og endurskinsmerkjum dreift fyrir veturinn.

Í júní tóku félagar þátt í Kjalarnesdögum í Grundarhverfi með fjórhjólaferðir fyrir börn og unglínga.

Gæsla var á Hátíð Hafsins/Sjómannadeginum í Reykjavíkurhöfn

Einnig voru nokkrar aðrar minni gæslur á árinu, flestar í þágu samfélagsins.



Endurlífgun fyrir unglingadeild Klébergsskóla nóvember 2019

Upplýsingar um félagseiningu.

Nafn félagseiningar: Björgunarsveitin Kjölur
 Sveitarfélag: Kjalarnes, Reykjavík Kt: 690390-1089
 Fjöldi félaga: 15 Félagar á útkallsskrá: 13
 Kallmerki: KJÖLUR Kennitala: _____

Ný Stjórn félagseiningar:

Formaður

Nafn: Brynjar Már Bjarnason Kt.: 290480-4509
 Heimili: Ljósavík 10 Staður: Reykjavík Pnr 112
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6602962
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: kjolurformadur@gmail.com

Varaformaður

Nafn: Bjarki Þór Arnarson Kt.: 071078-5589
 Heimili: Rauðhamrar 10 Staður Reykjavík Pnr. 112
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6991700
 Gsm _____ Boðtæki: _____ Netfang: kjolurbjargar@gmail.com

Gjaldkeri

Nafn: Sonja Þórey Þórsdóttir Kt.: 300578-4119
 Heimili: Leifsgata 16 Staður: Reykjavík Pnr.: 101
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6946434
 Gsm _____ Boðtæki: _____ Netfang: sonjathorey@gmail.com

Ritari

Nafn: Anna Filbert Kt.: 291158-4049
 Heimili: Esjugrund 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6168493
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: annalyckfilbert@gmail.com

Meðstjórnandi

Nafn: Adam Finnsson Kt.: 160189-2079
 Heimili: Jöklašel 1 Staður: Reykjavík Pnr.: 109
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 8455839
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: adam.benedikt.finnsson@gmail.com

Meðstjórnandi

Nafn: Árni G Sveinsson Kt.: 231168-4279
 Heimili: Jörfagrund 1 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 8933568
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: arnigs@simnet.is

Fulltrúi í Svæðisstjórn

Nafn Anna Filbert Kt.: 291158-4049
 Heimili: Esjugrund 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: _____
 Gsm 6168493 Boðtæki: _____ Netfang: annalyckfilbert@gmail.com

Fundir og Útköll

Bókfærðir: Stjórnarfundir: 5
 Félagfundir: 7
 Aðrir fundir 10

Fjöldi útkalla árið 2019: **75**

Leit á landi : **18** slys og veikindi: 46
 Óveður: **14** björgun : 2
 Önnur aðstoð á landi: 3 leit og björgun á sjó: **2**

Helstu verkefni á árinu

Í tímaröð: (dags. og stutt lýsing)

Janúar:	7 x útköll Hegðun týndra-námskeið í Þórnýjarbúð Gæsla á Þorablóti Kjósverja
Febrúar:	8 x útköll WEMT námskeið að Úlfjótavatni Gæsla við kvikmyndaverkefni á Skólavörðustíg
Mars:	5 x útköll Árshátíð Kjalar haldin í Grundarhverfi
Apríl:	3 x útköll Aðalfundur Fjáröflunarverkefni fyrir SORPU í Álfsnesi
Maí:	5 x útköll Upprifjun vettvangshjálp I
Júní:	8 x útköll Gæsla á Hátíð Hafsins/Sjómannadaginn í Reykjavíkurbörn Kjalarnesdagar Fagnámskeið í fjallabjörgun Akureyri Upprifjun vettvangshjálp II Hálendisvakt að Fjallabaki
Júlí:	3 x útköll Gæsla á Kátt í Kjós Láglendisvakt í Skaftafelli
Ágúst:	4 x útköll Gæsla á brekkusöng í Kjós Hálendisvakt að Fjallabaki
September:	16 x útköll

Október: 4 x útköll
Hópslys-námskeið í Þórnýjarbúð
Slysavarnir 2019 ráðstefna í Reykjavík
Endurskinsmerki í Klébergsskóla

Nóvember: 6 x útköll
Endurlífgunarkynning í unglingadeild Klébergsskóla
Gæsla í Ljósagöngu Ljóssins í Esjunni
Neyðarkallinn – fjáröflun

Desember: 6 x útköll
Flugeldasýning á gamlársbrennu á Klébergi

Húsa- og tækjæign

Björgunarstöð / Tækjageymsla:

Húsnæði / leiguhúsnæði

Heimilisfang: Þórnýjarbúð

Póstnr: 116 Staður: Reykjavík

Aðstaða í björgunarstöð:

Stjórnstöð Bílageymsla Bátageymsla Sleðageymsla

Fundarsalur Skápar fyrir einstaklingsbúnað

Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:

Sími: _____ Óskráður sími: _____

Farsími: 6168493 Farsími: _____

Myndriti: _____ Netfang: bjorgunarsveit@simnet.is

SSB VHF. bj.sv.rás VHF bátastöð

VHF alm.v.rás VHF leitari (skanner) XTetra

VHF miðunarstöð CB rásir fjöldi VHF handtalstöðva : 6

Tæki.

Bílar:

Tegund: Ford E-350 Árgerð: 2019 Kallmerki: KJÖLUR 1

Skr.nr: JYJ-51

Fjarskipti : farsíma nr. VHF SSB CB XGPS XTetra

Annað: Tetra bílstöð (641-3111)

Tegund: Toyota Land Cruiser Árgerð: 2017 Kallmerki: KJÖLUR 2

Skr.nr : RRS22

Fjarskipti : farsíma nr. VHF SSB CB XGPS XTetra

Annað Tetra bílstöð 641-3110

Bátar:

tegund: 2 x jetskiði árgerð: 2018 Fjarskipti: VHF CB XGPS XTetra

Fjór hjól:

Tegund: Can Am Outlander Árgerð: 2014 Skr.nr : DID74

Fjarskipti : Farsími VHF SSB CB XGPS XTetra

Fjór hjól:

Tegund: Can Am Outlander Árgerð: 2014 Skr.nr : FFE13

Fjarskipti : Farsími VHF SSB CB XGPS XTetra

Viðauki A. Útköll á árinu

75. ÁREKSTUR

F2 Árekstur fjögurra bíla á vesturlandsvegi við Grundarhverfi. Einn Kjalarmaður mætti á slysstað ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

19. desember 2019 16:06

74. HÆTTUSTIG KEF

F2 Hættustig vegna farþegaflugvélar með reyk um borð. Vélin lenti seinna heilu og höldnu á Keflavíkurflugvelli.

Tveir menn fóru í útkallið.

16. desember 2019 07:17

73. BRJÓSTVERKUR

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í Grundarhverfi. Þrír menn fóru á staðinn.

14. desember 2019 10:38

72. VEGALOKUN

F2 Lokun á vesturlandsvegi um Kjalarnes í 8 klst vegna veðurhæðar og hríðar. Appelsínugul viðvörðun var í gildi á höfuðborgarsvæðinu.

10. desember 2019 14:46

71. UMFERÐARSLYS

F2 Útkall vegna bílveltu og áreksturs þriggja bíla á vesturlandsvegi norðan Grundarhverfis. Einn maður fór á vettvang á Kjöl 1.

4. desember 2019 23:08

70. LEIT

F2 Leit að manni sem óttast var um á höfuðborgarsvæðinu. Einn Kjalarmaður fór til leitar á Kjöl 2.

4. desember 2019 01:09

69. BRJÓSTVERKUR

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í sumarbústað í Kjós. Einn maður fór á vettvang.

30. nóvember 2019 12:18

68. LEIT

F2 Leit að manni í Reykjavík og nágrenni. Tvö fjórhjólategymi frá Kili fóru til leitar ásamt öðrum leitarhópum.

28. nóvember 2019 10:11

67. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna öndnarefíðleika í Grundarhverfi. Einn maður fór á staðinn.

24. nóvember 2019 08:52

66. LEIT

F2 Leit að manni sem óttast var um á höfuðborgarsvæðinu. Tveir Kjalarmenn fóru til leitar á fjórhjólum.

24. nóvember 2019 06:36

65. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Kjós. Tveir menn lögðu af stað, seinna afturkallað.

8. nóvember 2019 19:24

64. SLYS

F2 Útkall vegna slyss þegar göngumaður féll í klettum í Kjalarnesfjöru. Tveir menn fóru á vettvang.

2. nóvember 2019 16:05

63. BÍLVELTA

F2 Bílvelta í Svínaskarði þar sem einn slasaðist utan alfaraleiða. Þrír Kjalarmenn mættu í útkallið með öðrum viðbragðsaðilum.

26. október 2019 13:15

62. KVIÐVERKIR

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna kviðverkja í heimahúsi. Tveir menn fóru á vettvang.

21. október 2019 06:25

61. LEIT

F2 Leit að ungum pilti við Hafnarfjörð. Eitt fjórhjólategymi var á leið úr húsi þegar viðkomandi fannst heill á húfi.

17. október 2019 21:13

60. LEIT

F2 Leit að manni í Reykjavík. Tvö fjórhjólategymi voru á leið í leit þegar viðkomandi fannst af lögreglu, stuttu eftir boðun.

13. október 2019 19:05

59. LEIT Á SJÓ

F2 Leit að sæfara á jetskiði sem ekki skilaði sér í höfn. Þrír menn voru tilbúnir á jetskiðum þegar viðkomandi

fannst við Reykjavík.

30. september 2019 20:50

58. LEIT Á SJÓ

F2 Útkall vegna báts sem óttast var um á Faxaflóa. Einn maður var að gera sig kláran á jetskiði þegar báturinn með áhöfn kom fram.

30. september 2019 13:06

57. SLYS

F2 Útkall vegna mótorhjólasyss við Hengil. Einn Kjalarmaður hélt á slyssað til aðstoðar

sjúkraflutningamönnum við böruburð.

29. september 2019 14:20

56. SJÁLFHELDA

F2 Tveir göngumenn í sjálfheltu í klettum við Tröllafoss í Leirvogsa. Einn Kjalarmaður fór á vettvang ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

29. september 2019 12:17

55. LEIT

F2 Leit að konu sem óttast var um í Reykjavík. Eitt fjórhjólategymi sem losnaði úr leit í Esju fór til leitar í

Reykjavík.

27. september 2019 22:30

54. LEIT Í ESJU

F2 Leit að göngumanni sem týndi slóðanum neðarlega í Esju. Afturkallað þegar fjórhjólategymi var að fara úr húsi.

27. september 2019 21:20

53. SLYS Í ESJU

F2 Göngumaður slasaðist á fæti á neðan við Þverfellshorn. Einn Kjalarmaður fór á vettvang ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

26. september 2019 07:07

52. LEIT

F2 Tveir menn athuguðu hvort göngumenn væru í hættu, eftir að sást til ljósagangs utan alfaraleiða í Esju. Svo reyndist ekki.

21. september 2019 21:04

51. FÆÐING

F2 Útkall vegna yfirvofandi fæðingar í heimahúsi á Kjalarnesinu. Tveir Kjalarmenn keyrðu viðkomandi til móts við sjúkrabíl.

19. september 2019 19:57

50. FLUGSLYS

F2 Neyðarboð frá lítilli flugvél sem brotlenti á Skálafelli. Fimm manns fóru til leitar báðu megin við

Móskarðshnjúka en vélin fannst fljótt úr lofti.

17. september 2019 15:12

49. SJÁLFHELDA

F2 Barn í sjálfheldu í klettum ofan við Skrauthóla í Esju. Fimm Kjalarmenn fóru í útkallið ásamt öðrum

viðbragðsaðilum.

17. september 2019 11:58

48. LEIT

F2 Leit á landi og sjó við Grafarvog. Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út. Eitt fjórhjólategymi fór

frá Kjalarnesi.

17. september 2019 03:15

47. LEIT

F2 Leit að ungum pilti í Breiðholti. Einn Kjalarmaður fór til leitar. Viðkomandi fannst heill á húfi stuttu síðar.

14. september 2019 03:12

46. MEÐVITUNDARLEYSI

F2 Útkall vegna meðvitundarleysis í grennd við Grundarhverfi. Sveitin var að klára vinnukvöld og fóru fimm manns í útkallið.

11. september 2019 23:18

45. SLYS

F2 Fjórhjólasylls á Leggjabrjót sem í fyrstu var talið vera við Botnsdal. Tveir menn lögðu af stað en voru

afturkallaðir er staðsetning breyttist.

8. september 2019 15:19

44. LEIT

F2 Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar til leitar við Elliðavog í Reykjavík. Tveir Kjalarmenn leituðu á fjórhjólum.

7. september 2019 18:01

43. HÆTTUSTIG KEF

F2 Hættustig á Keflavíkurlugvelli vegna farþega flugvélar í vanda. Þrjú Kjalarmenn voru að leggja af stað þegar

afturkallað.

26. ágúst 2019 12:49

42. BRÁÐAVEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna meðvitundarleysis. Einn maður fór á vettvang.

11. ágúst 2019 21:37

41. HJÓLASLYS

F2 Útkall vegna slyss utan alfarleiðar á Kili. Tveir Kjalarmenn á leið á hálendisvakt með fjórhjólin brugðust við

og héldu á Kjöl.

11. ágúst 2019 12:46

40. BRÁÐAVEIKINDI

F2 Útkall vegna öndunarerfiðleika í Kjós. Einn maður fór úr húsi en viðkomandi var þá kominn framhjá

Grundarhverfi.

8. ágúst 2019 02:33

39. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðins vegna öndunarerfiðleika í Kjós. Tveir menn fóru á vettvang. 26. júlí 2019 19:56

38. SLYS

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna trampolínslyss í Grundarhverfi. Einn maður fór á vettvang.

15. júlí 2019 15:47

37. NEYÐARSTIG KEF

F2 Neyðarstig á Keflavíkurlflugvelli vegna vélar með bilun í vængjabúnaði. Tveir menn voru á leið suður þegar vélin lenti heilu og höldnu.

13. júlí 2019 08:15

36. BRJÓSTVERKUR

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í heimahúsi. Tveir menn mættu á staðinn.

26. júní 2019 16:13

35. UMFERÐASLYS

F2 Útkall vegna bifreiðar sem lenti utan vegar í Kjós. Einn maður slasaðist. Tveir menn fóru á vettvang.

23. júní 2019 18:51

34. VÉLARVANA BÁTUR

F2 Útkall vegna vélarvana gúmmibáts í Hvalfirði. Jetskiði með áhöfn voru klár til sjósetningar þegar útkallið var afturkallað.

21. júní 2019 15:29

33. BRÁÐAVEIKINDI

F2 Útkall vegna bráðaveikinda og skertrar meðvitundar. Einn maður fór til móts við rútu sem viðkomandi var í.

17. júní 2019 04:10

32. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í heimahúsi. Einn maður fór á vettvang.

15. júní 2019 16:57

31. OFKÆLING

F2 Útkall til aðstoðar sjúkraflutningamanna vegna ofkælds einstaklings við sjósund í Hvalfirði. Einn maður fór á vettvang.

14. júní 2019 23:51

30. SLYS

F2 Útkall vegna einstaklings sem slasaðist á höfði eftir slys. Tveir menn fóru á vettvang á Kjöl 2 ásamt sjúkrabíl.

6. júní 2019 19:53

29. BÍLVELTA

F2 Bílvelta í grennd við vesturlandsveg við Saltvík. Tveir menn fóru á staðinn. Ökumaður reyndist hafa yfirgefið slysstað, óslasaður.

4. júní 2019 09:00

28. BLÆÐING

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna blæðingar í heimahús. Einn maður fór á vettvang.

26. maí 2019 12:49

27. ELDUR Í BÍL

F2 Útkall vegna slyss á fólki og elds í bíl við vesturlandsveg. Einn Kjalarmaður fór á vettvang, áður en slökkvilið kom á staðinn.

25. maí 2019 05:45

26. VEIKINDI

F2 Útkall vegna veikinda og öndunarerfiðleika hjá ungu barni á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

21. maí 2019 06:44

25. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í grennd við Tíðaskarð. Tveir menn fóru á vettvang.

8. maí 2019 16:17

24. SLYS Í ESJU

F3 Útkall vegna ungs göngumanns sem slasaðist í Esjunni. Kjalarmenn fóru á fjórhjólum ásamt SHS og sóttu viðkomandi.

1. maí 2019 17:38

23. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í Grundarhverfi. Tveir Kjalarmenn fóru á staðinn.

22. apríl 2019 22:14

22. LEIT

F2 Leit að heilabliðum manni í Reykjavík. Þrír Kjalarmenn voru á leið í bæinn með fjórhjól þegar maðurinn fannst heill á húfi.

15. apríl 2019 23:18

21. BRJÓSTVERKUR

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á staðinn.

8. apríl 2019 22:04

20. YFIRLIÐ Í ESJU

F2 Útkall vegna yfiriðs göngumanns við Þverfellshorn í Esju. Kjölur sendi eitt fjórhjól í fjallið til aðstoðar öðrum björgum.

30. mars 2019 11:20

19. SLYS Í ESJU

F1 Göngumaður sem slasaðist eftir grjóthrun við Þverfellshorn. Þrír Kjalarmenn mættu ásamt öðrum björgum..

18. mars 2019 19:19

18. FOKTJÓN

F3 Austan stormur á Kjalarnesinu. Tvær tilkynningar um foktjón á húsum í Grundarhverfi. Alls fimm manns sinntu verkefnunum.

11. mars 2019 18:23

17. SLYS

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna slyss í heimahúsi. Tveir menn mættu á vettvang.

11. mars 2019 18:21

16. ÁREKSTUR

F2 Útkall vegna harðrar aftanákeyrslu á Hvalfjarðarvegi. Þrír Kjalarmenn fóru á vettvang. Lítil slys urðu á fólki.

4. mars 2019 22:08

15. LEIT VIÐ ÖLFUSÁ

F2 Þrír menn fóru til leitar við Ölfusárbrú. Slæmt veður var á svæðinu og einnig var farið í eitt óveðursverkefni í Hveragerði.

26. febrúar 2019 14:05

14. BRJÓSTVERKUR

F2 Útkall vegna einstaklings með brjóstverk við Olís á Kjalarnesi. Tveir kjalarmenn fóru á vettvang.

25. febrúar 2019 16:26

13. BRÁÐAVEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda á Kjalarnesi. Einn fór á vettvang.

25. febrúar 2019 10:54

12. VEIKINDI

F2 Útkall vegna veikinda í heimahúsi í Grundarhverfi. Þrír Kjalarmenn fóru á vettvang á Kjöl 2.

17. febrúar 2019 12:26

11. BÍLVELTA

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bílveltu í Kollafjarðarbotni. Einn fór á vettvang á Kjöl 2.

15. febrúar 2019 21:52

10. ÁREKSTUR

F2 Útkall vegna áreksturs tveggja bíla í Hvalfjarðargöngum. Tveir Kjalarmenn fóru á staðinn. Tveir voru fluttir á slysadeild.

12. febrúar 2019 09:11

9. ÖNDUNARERFIÐLEIKAR

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í Grundarhverfi. Tveir menn fóru á vettvang.

11. febrúar 2019 10:01

8. BRJÓSTVERKUR

F2 Brjóstverkur í heimahúsi í Grundarhverfi. Þrír Kjalarmenn fóru á staðinn og keyrðu sjúkling til móts við sjúkrabíl.

3. febrúar 2019 06:47

7. BÍLVELTA

F2 Útkall vegna bílveltu á vesturlandsvegi norðan Grundarhverfis. Einn maður fór á vettvang.

31. janúar 2019 14:42

6. VEIKINDI

F2 Útkall vegna veikinda í heimahúsi. Þrír menn fóru af stað en afturkallað áður en komið var á vettvang.

30. janúar 2019 00:25

5. VEGALOKUN

F2 Lokun á Vesturlandsvegi um Kjalarnes í nokkrar klst vegna veðurhæðar og erfiðar færðar.

20. janúar 2019 18:46

4. RÚTUSLYS

F2 Útkall vegna rútu með ferðamönnum sem valt í vondu veðri á Vesturlandsvegi. Lítil slys urðu á fólki. Tveir Kjalarmenn fóru á slysstað.

20. janúar 2019 18:38

3. BRÁÐAVEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Kjós. Einn maður fór á vettvang.

18. janúar 2019 09:36

2. BRJÓSTVERKUR

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í Kjós. Fimm menn fóru til aðstoðar.

16. janúar 2019 22:51

1. KRAMPI

F2 Útkall vegna einstaklings með krampa í nágrenni Grundarhverfis. Tveir menn fóru á staðinn.

1. janúar 2019 04:28